

7/29.3.45

MORGUNBLAÐIÐ

Ísland og Norðurlöndin hin

OFT HEFIR á þessum tímum verið minst á norræna samvinnu. Virðist engin ástæða til að ætla, að þar muni standa á Íslendingum. Vjer Íslendingar elskum Norðurlöndin hin, einn og t. d. glögglega hefir komið fram í Noregssöfnuninni. Annað mál er það, hvort mönnum annarsstaðar á Norðurlöndum muni ekki um of hætta við að gleyma Íslendingum, og enginn vafi er á því, að svo hefir viljað vera. Jeg vil nefna t. d., að ekki skuli fyrir löngu hafa verið gerðar ráðstafanir til að auðvelda Íslendingum nám við háskólann í Osló og sænska háskóla. Annað, sem má nefna, er það, hve gersamlega Íslendingar hafa orðið útundan við veitingu Nobelsverðlauna. Voru þó alveg sjerstakar ástæður til að gleyma þeim ekki þar, og eigi einungis vegna þeirrar þýðingar, sem forníslenskar bókmentir hafa haft fyrir öll Norðurlöndin. Og hjer hefir jafnvel verið maður, sem alveg tiltakanalega góðar ástæður hafði til

að verða Nobelsverðlaunabegi. Á jeg þar auðvitað við Matthías Jochumsson. Hann var fyrst og fremst, alveg óefað í tölu allra fremstu ljóðskálda Norðurlanda. Hann var fátækur, og sætir því enn meiri furðu hvíliku bókmentaverki hann fekk afkastað. Hann varð svo gamall, að draga mátti að veita honum þessa viðurkenningu, þangað til honum gat varla verið það til neinnar ánægju, nema vegna niðja sinnia. Hann var prestur, og svo mikill snillingur sem hann var, þá var hann þó enginn andlegur byltingamaður. — Vitanlega mætti nefna ekki allfáa aðra, sem verðir hefðu verið og væru slíkrar viðurkenningar og stuðnings, sem Nobelsverðlaun eru; en þetta dæmi, sem jeg nefndi, nægir til þess að sýna, hversu mjög fjarri þeir, sem fyrir þessu ráða, hafa verið því, að láta sjer koma Ísland til hugar, hvað þá að jafnvel nokkur sjerstök ástæða gæti verið fyrir hendi til að muna eftir Íslandi í sambandi við þessi svo mjög frægu verðlaun.

26. marts.

Helgi Pjeturss.